

Ed.

661. Frumvarp

til laga um samkomudag reglulegs Alþingis árið 1935.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal árið 1935 koma saman hinn 15. dag marzmánaðar, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd flytur frumvarp þetta að ósk forsætisráðherra. Gerir hann þá grein fyrir frumvarpinu, að vegna þess, að hið reglulega Alþingi hafi á þessu ári verið haldið að hausti til, sé nauðsynlegt að setja sérstök lög um samkomudag þess einnig fyrir næsta ár, til þess að samkomudagur þess geti orðið nokkru síðar en ákveðið er í stjórnarskránni. Hinsvegar þykir þó ekki heppilegt, að samkomudagur þess sé ákveðinn síðar en 15. marz 1935, og er því frumvarp þetta miðað við þann samkomudag.